

Skipulagsstofnun
Sigurður Ásbjörnsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 4. maí 2009
Tilvísun: UST20090400009/ksj

Breytingar á aflþynnuverksmiðju Becromal. Umsögn um tilkynningaskylda framkvæmd

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar þar sem óskað er umsagnar um hvort og á hvaða forsendum breytingar á aflþynnuverksmiðju Becromal skuli háðar mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3ja viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum m.s.b. og 11. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Eftirtaldar breytingar á upplýsingum á starfsemi aflþynnuverksmiðju Becromal á Akureyri hafa komið fram frá því að Skipulagsstofnun tók þá ákvörðun 19. mars 2008 að starfsemin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum:

Ammoníak í andrúmslofti og vothreinsibúnaður

Fram kom í fyrirspurn um matsskyldu í desember 2007 að áætlaður styrkur ammoníaks í lofti yrði 5ppm fyrir hreinsun og <1 ppm eftir hreinsun. Samkvæmt breyttum áætlunum verður styrkur ammoníaks í andrúmslofti allt að 9ppm. Í auglýstri tillögu að starfsleyfi verksmiðjunnar hefur Umhverfisstofnun sett fram tillögu 10ppm að losunarmörkum fyrir ammoníak í andrúmslofti 10ppm.

Frárennsli verksmiðjunnar

Varðandi frárennsli verksmiðjunnar hafa þær breytingar orðið að ný hreinsistöð sem Akureyrarbær hugðist reisa og taka í notkun 2009, verður ekki tekin í notkun fyrr en um mitt ár 2012. Þar af leiðandi lengist sá tími sem gert er ráð fyrir að frárennsli frá verksmiðjunni fari í gegnum bráðabirgðaútrás við Krossanes. Hér gætir misræmis í upplýsingum ef miðað er við auglýsta tillögu að starfsleyfi en í tillögunni kemur fram að frárennsli verksmiðjunnar skuli fara í síðasta lagi í nýja hreinsistöð við Sandgerðisbót þann 1. des 2011.

Í umfjöllun um tímabundna losun frárennslis frá verksmiðju Becromal í gegnum bráðabirgðaútrás í Krossanesi kemur fram að framkvæmdaraðili hafi lagt til að fylgst yrði með styrk efna við útrásina í samráði við Umhverfisstofnun og heilbrigðisyfirvöld og síðan segir: *“og ef niðurstöður mælinga gæfu til kynna að styrkur eða magn mengandi efna væri nálægt hættumörkum mundi framkvæmdaraðili grípa til viðeigandi ráðstafana.”* Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram í hverju þessar viðeigandi ráðstafanir felast og á hvern hátt þær muni gagnast fari styrkur eða magn mengandi efna nálægt hættumörkum.


Losun á líffræðilegum efnum og svifögnum.


Í áðurnefndri fyrirspurn frá desember 2007 var áætlað frárennsli frá væntanlegri verksmiðju 25 m³/klst, en fram hefur komið að frárennsli mun verða 60 m³/klst. Styrkur líffræðilegra efna og svifagna verður sá sami og áður svo magn þess mun aukast mikið við þessa aukningu á frárennsli.

Losun verksmiðjunnar vegna COD (uppleystra lífrænna efna), BOD5 og svifagna er aðeins brot af losun í fráveitukerfi bæjarins í dag (2-3%) eins og fram kemur í skýrslu er fylgir erindinu. Hins vegar hafa áform um magn heildarlosunar þessara efna í bráðabirgðaútrás við Krossanes margfaldast samkvæmt tilkynningunni og það knýr enn frekar á um að losunin fari til væntanlegrar hreinsistöðvar við Sandgerðisbót. Verði enn frekari dráttur á byggingu þessarar stöðvar en þegar liggur fyrir er eðlilegt að Becromal leggi fram áætlun um meðhöndlun frárennslis fram að þeim tíma er hreinsistöðin er gangsett eins og lagt er til í bráðabirgðaákvæði í tillögu að starfsleyfi.

Í ljósi framangreindra þátta telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að framangreindar breytingar hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri

Akureyrarbær

Becromal